



Leit í Dómasafni - nánar um dómsúrlausn

Lykilorð tengd þessum dómi

Skaðabætur | Vinnulaun | Vinnulaunamál

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2007 í máli nr. E-3239/2006:

Emil Óskar Þorbjörnsson

(Karl Ólafur Karlsson hdl.)

gegn

Eykt ehf.

(Sveinn Sveinsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 16. mars sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Emil Óskari Þorbjörnssyni, Mariubakka 28, Reykjavík, á hendur Eykt ehf., Lynghálsi 4, Reykjavík, með stefnu birtri 30. maí 2006.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 219.800 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. október 2005 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að stefndi verði eigi dæmdur til greiðslu hærrí fjárhæðar en 3.981 kr. Þá er í báðum tilfellum krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Málsatvik

Tildrög máls þessa eru þau að stefnandi hóf störf hjá stefnda í desember árið 2003 en starf hans fólst í því að aka vörubifreið í eigu stefnda. Föstudaginn 16. september 2005 var stefnandi beðinn af verkstjóra stefnda að vinna daginn eftir á laugardegi en stefnandi kvaðst ekki geta það. Síðar þann sama dag hafði Páll Daníel Sigurðsson, yfirmaður stefnanda, samband við hann til að ítreka beiðni um vinnu á laugardegi. Aðilum ber ekki saman um hvernig því samtali lauk en stefnandi telur að honum hafi verið settir afarkostir. Annað hvort myndi hann mæta til vinnu á laugardeginum ella yrði honum sagt upp störfum hjá stefnda. Stefndi heldur því hins vegar fram að stefnanda hafi aðeins verið sagt að hugsa sinn gang en ekkert hefði komið fram í samtalinu sem stefnandi hefði mátt skilja þannig að honum yrði sagt upp störfum ef hann mætti ekki til vinnu daginn eftir.

Stefnandi mætti ekki til vinnu næsta dag, laugardaginn 17. september 2005 og heyrði stefndi ekkert frekar frá stefnanda utan stutts samtals sem stefnandi átti við Pál Daníel nokkru síðar.

Stefnandi átti inni ógreidd laun hjá stefnda er hann lét af störfum og greinir aðila ekki á um það í málinu. Leitaði stefnandi til Eflingar-stéttarfélags vegna þessa, sem í kjölfarið ritaði stefnda bréf dagsett þann 30. nóvember 2005. Þar var gerð krafa um greiðslu vangreiddra launa, orlofs, desember- og orlofsuppbótar auk uppsafnaðs frítökuréttar. Lögmaður stefnda svaraði því bréfi 12. desember 2005 en þar kom fram að stefndi taldi sig eiga skaðabótakröfu á hendur stefnanda vegna ólögmeðts brotthvarfs úr starfi. Samsvaraði fjárhæð þeirra skaðabóta heilum mánaðarlaunum stefnanda. Taldi stefndi að þær fjárhæðir sem stefnandi gerði kröfu um að fá borgaðar væru nærri lagi að vera eins mánaðarlaun hans.

Í framhaldinu funduðu lögmennt aðila um mögulegar sættir en án árangurs.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda innheimtubréf dagsett 23. janúar 2006.

Stefndi heldur því fram að mjög erfitt hafi verið að finna annan starfskraft í stað stefnanda. Hafi hann ekki getað sætt sig við brotthvarf stefnanda úr starfi með þessum hætti og hafi hann haldið eftir launagreiðslum til stefnanda fyrir óuppgerðar unnar vinnustundir áður en stefndi hafi horfið á braut og fyrir áunnið ógreitt orlof og látið fjárhæðir þessar ganga upp í skaðabótakröfu stefnda á hendur stefnanda til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefndi gerir kröfu um greiðslu launa vegna vinnu sem hann innti af hendi í septembermánuði 2005. Kröfu sína byggir stefndi á ákvæðum kjarasamnings annars vegar og á launaseðlum hins vegar sem stefndi hafi fengið afhenta hjá stefnda á því tímabili er hann starfaði hjá stefnda. Ennfremur byggir stefndi kröfu sína á meginreglu vinnuréttar um skyldu vinnuveitanda til greiðslu launa til starfsmanns hans vegna þeirrar vinnu sem hann hefur innt af hendi. Þess ber að geta að kröfufjárhæð hafi breyst frá því sem fram komi í bréfi Eflingar dags. 30. nóvember 2005 þar sem nýr launaseðill hafi borist stefnda þann 16. desember 2005. Sé krafa í stefnu þessari því byggð á þeim seðli.

Samkvæmt launaseðli eigi stefndi inni orlof hjá stefnda að fjárhæð 107.884 kr. Gerð sé krafa um greiðslu 10,17% orlofs samkvæmt ákvæðum aðalkjarasamnings Eflingar og Samtaka atvinnulífsins grein 4.1. í 8. gr. laga nr. 30/1987 um orlof segi að ef ráðningarsamningi launþega og vinnuveitanda ljúki skuli vinnuveitandi greiða launþega öll áunnin orlofslaun hans við lok ráðningartíma. Athygli sé vakin á því að stefndi hafi fært stefnanda orlofslaun til tekna og tekið af þeim staðgreiðslu. Hafi stefndi þannig með ólögætum hætti haldið orlofi eftir.

Samkvæmt ákvæðum aðalkjarasamnings Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins, grein 1.4. eigi stefndi rétt til greiðslu desemberuppþótar og orlofsuppþótar. Desemberuppþót miðað við fullt starf árið 2005 sé 39,700 kr., en fullt starf teljist vera vinna í 45 vikur samkvæmt kjarasamningi. Orlofsuppþót vegna orlofsársins 1. maí 2005 til 30. apríl 2006 sé 21,800 kr., miðað við fullt starf í 45 vikur á árinu.

Þá eigi stefndi uppsafnaðan frítökurétt sbr. kafla 2.4. í aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Í grein 2.4.2. sé kveðið á um frítökurétt en þar segi að vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags sé heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1½ klst. (dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist.

Af gefnu tilefni sé því mótmælt af hálfu stefnanda að starfslok hans hjá stefnda hafi borið að með óeðlilegum hætti eða að hann hafi gerst sekur um brotthlaup. Þar fyrir utan beri þess að geta að ekki hafi verið skorað á stefnanda að mæta aftur til vinnu sinnar eftir 16. september 2005 og ekkert hafi verið aðhafst af hálfu stefnda fyrr en með bréfi lögmanns hans dags. 12. desember 2005. Hafi verið til staðar krafa hjá stefnda hafi hann glatað henni sökum tómlætis.

Upphafleg krafa stefnanda sundurliðast með eftirgreindum hætti:

Vangreitt vegna septembermánaðar 2005:

- Dagvinna 72 klst. * 1.064 kr/klst	kr. 76.608,-
- Yfirvinna 24,10 klst. * 1.915 kr/klst	kr. 46.152,-
- Frítökuréttur 11 klst. * 1.064 kr/klst	kr. 11.704,-

-Orlof 10,17%
kr. 13.675,-

Samtals **kr. 148.139,-**

Vangreitt við starfslok

Ógreitt orlof kr. 107.844,-

Desemberuppþót:

Vegna ársins 2005:

- 39,700/45 * 37 vikur (jan-sept) kr. 32.642,-

Orlofsuppþót:

Vegna orlofsársins 1. maí 2005 – 30. apríl 2006:

- 21,800/ 45 * 20 vikur (1. maí – 16. sept.) kr. 9.689,-

Heildarkrafa**kr. 298.314,-**

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína til samræmis við frádregnar greiðslur til stéttarfélags, lífeyrissjóðs og vegna staðgreiðslu, alls að fjárhæð 78.514 kr. Kröfufjárhæð stefnanda er því 219.800 kr. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi hafi verið félagsmaður í Eflingu-stéttarfélagi á því tímabili er krafa hans stofnaðist. Vísað sé til meginreglu vinnu-, kröfu- og samningaréttar um að laun beri að greiða í samræmi við umsamda launataxta samkvæmt gildandi ráðningar- og/eða kjarasamningi. Vísað sé um réttindi hans aðallega til 1, 2, 3, 4 og 12. kafla kjarasamnings félagsins. Jafnframt sé vísað til laga. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl., aðallega 1.gr., laga 28/1930 um greiðslu verkkaups, laga 30/1987 um orlof, aðallega 1., 7, og 8. gr. og laga 19/1979 um rétt launafólks til uppsagnarfrests o.fl. Byggt sé á því að stefndi hafi vanefnt bindandi ráðningarsamning við stefnanda með því að greiða ekki umsamin laun og uppfylla aðrar samningsskyldur sínar. Samkvæmt framangreindum réttarheimildum og samningum sé greiðsluskylda stefnda ótvíræð. Um sönnun sé jafnframt vísað til stjórnunnarréttar stefnda og þess að hann sé bókhaldsskyldur að lögum.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla laga 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað er studd við XXI. kafla laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflytningsspóknun sé reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing er vísað til 33. gr. laga nr. 91/1991

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að samkvæmt kjarasamningi Eflingar við Samtök atvinnulífsins hafi uppsagnarfrestur stefnanda á starfi sínu hafi verið einn mánuður frá og með 1. október 2005. Þannig hafi stefnandi horfið úr starfi 1 mánuði og 14 dögum fyrr en hann hafði heimild til samkvæmt kjarasamningi aðila.

Stefnandi hafi fyrirvaralaust horfið úr starfi og sent skilaboð þar á eftir um þá ákvörðun sína að hann væri hættur störfum. Hann hafi ekki sent skriflega uppsögn eins og honum beri skylda til samkvæmt 1. gr. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests ofl. Stefndi vísar til þess að með þessu háttarni sínu hafi stefnandi valdið stefnda tjóni sem stefnanda beri að bæta honum með greiðslu skaðabóta.

Fyrir stefnda sé erfitt að sýna fram á tölulegt fjárhagslegt tjón af háttarni stefnanda en illa hafi gengið að ráða vanan bifreiðastjóra til að fylla í skarð stefnanda. Stefnandi hafi verið vanur bifreiðastjóri og hafi stefndi viljað fyrir alla muni halda honum áfram í starfi hjá sér. Brotthvarf hans hafi valdið stefnda fjárhagslegu tjóni.

Á þeim tíma sem stefnandi hafi horfið á braut hafi verið erfitt að ráða vana menn sökum mikillar þenslu í þjóðfélaginu og það hafi tekið langan tíma.

Stefndi vísar til þess að þeir fjármunir sem hann hafi haldið eftir og ekki greitt stefnanda séu eðlilegar og sanngjarnar skaðabætur til stefnda og geri hann kröfu til þess að þær fjárhæðir verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda.

Enginn tölulegur ágreiningur sé milli aðila um þær fjárhæðir sem fallið hafi í hlut stefnda að teknu tilliti til þeirra fjárhæða, sem skilað hafi verið til stéttarfélags, lífeyrissjóðs og sem staðgreiðslu. Sé í þessu sambandi vísað til launaseðils, er lagður var fram af stefnanda í málinu. Samkvæmt yfirliti launaseðilsins séu eftirstöðvar ógreiddra launa til stefnanda samtals 98.281 kr. sem tekið sé frá vegna brots á kjarasamningi. Sé þá tekið tillit til desemberuppbótar og orlofsuppbótar. Aðrar fjárhæðir sem stefnandi hafði unnið fyrir séu greiddar til Eflingar-stéttarfélags 1.905 kr., til Lífeyrissjóðsins Framsýnar 7.619 kr. og sem staðgreiðsla 68.990 kr. eða samtals 78.514 kr. Þá sé frádregna orlofinu bætt við áður uppsafnað orlof þannig að samtals nemi uppsafnað ógreitt orlof 121.519 kr. eins og fram komi neðst á seðlinum.

Stefndi vísi til þess að samkvæmt þessu eigi stefnandi eftirfarandi ógreitt hjá stefnda.

Vegna ógreiddra launa	kr. 98.281
Vegna ógreidds orlofs	kr. 121.519
Samtals	kr. 219.800

Það sé sú fjárhæð sem aðilar séu sammála um að sé krafa stefnanda miðist við. Stefndi heldur því fram að hann eigi rétt á skaðabótum frá stefnanda til skuldajafnaðar sem svari til eins mánaðar launum stefnanda hjá stefnda. Þegar lítið sé á yfirlitið á fyrrgreindum launaseðli komi fram að brúttólaun stefnanda hjá stefnda frá 1. janúar til og með 16. september 2005 séu 2.511.654 kr. Þegar þeirri fjárhæð sé deilt út á 8,53 mánuði reynist mánaðarlaun stefnanda nema 294.449 kr. Sé sú fjárhæð 74.649 kr. hærrí en 219.800 kr. sem stefndi haldi fram að eigi að vera krafa stefnanda í málinu. Geri stefndi ekki kröfu til þess að fá sjálfstæðan dóm fyrir þeim mismun þó svo hann telji að 219.800 kr. séu ekki fullnægjandi bætur fyrir það tjón sem hann hafi orðið fyrir en muni sætta sig við þá fjárhæð þannig að kröfur aðila jafnist út.

Vísar stefndi m.a. til þess að stefnandi hafi aldrei gengið frá skriflegri uppsögn til stefnda og sé því réttlætlanlegt að miða við skaðabætur sem nemi eigi lægri fjárhæð en sem svari allt að tveggja mánaða launum.

Varakröfu sína byggir stefndi á því að samkvæmt 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928 sé gert ráð fyrir meðalhófsbótum séu erfiðleikar á sönnun tjóns atvinnurekanda við ótímabæru brotthvarfi hjúsins. Sé þar gert ráð fyrir að meðalhófsbæturnar nemi fjárhæð launa hjúsins fyrir helming þess tíma sem eftir var af ráðningarsamningi. Sé hér byggt á lagagrein þessari með lögjöfnun.

Stefnandi hafi hlaupist á brott úr starfi hjá stefnda að loknum vinnudegi þann 16. september 2005. Uppsagnarfrestur stefnanda hafi því samkvæmt kjarasamningi verið 1 mánuður frá næstu mánaðarmótum. Samtals hafi því verið eftir 1 mánuður og 14 dagar þar til að stefnandi í fyrsta lagi gat verið laus undan skyldum sínum við stefnda.

Laun stefnanda fyrir 1 mánuð og 14 daga séu 294.299 kr. + 137.340 kr. eða samtals 431.639 kr.

Með vísan til þeirrar helmingareglu sem fram komi í 25. gr. hjúalaga eigi stefndi rétt á meðalhófsbótum sem nemi helmingi af 431.639 kr. eða 215.820 kr. Samkvæmt því beri stefnanda að fá greidda úr hendi stefnda í mesta lagi mismuninn á þeirri fjárhæð sem stefndi hafi haldið eftir 219.800 kr og 215.820 kr. eða 3.981 kr.

Að því er varði málskostnaðarkröfu stefnanda telji stefndi engan grundvöll vera fyrir henni og beri að hafna kröfunni að öllu leyti.

Stefndi vísar til meginreglna kröfurettar og samningalaga. Þá vísar hann til hjúalaga nr. 22/1928, til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests svo og til laga nr. 91/1991 að því er varði kröfuna um málskostnað.

Niðurstaða

Svo sem fram er komið var stefnandi beðinn um að mæta til vinnu hjá stefnda laugardaginn 17. september 2005 en vinna um helgar taldist umfram reglubundins vinnutíma stefnanda. Kvaðst stefnandi ekki geta mætt þann dag og svo fór að hann mætti ekki til vinnu þrátt fyrir ítrekaða beiðni yfirmanns hans, Páls Daníels Sigurðssonar. Í framburði stefnanda fyrir dóminum kom fram að hann hefði talið Pál hafa sett sér afarkosti og lítið þannig á að honum hefði verið sagt upp störfum hjá stefnda ef hann mætti ekki umræddan laugardag.

Páll Daníel mótmælti því í skýrslutöku fyrir dóminum að hafa sett stefnanda afarkosti. Hélt Páll því fram að hann hefði í samtali sínu og stefnanda einungis beðið stefnanda um að hugsa sinn gang og áréttað beiðni um að hann mætti til vinnu á laugardeginum. Síðar þessa sömu viku hefðu hann og stefnandi átt annað samtal en þá hefði hann tekið það skýrt fram við stefnanda að honum hefði ekki verið sagt upp störfum hjá stefnda. Þá benti Páll jafnframt á að allar uppsagnir væru gerðar skriflega.

Óumdeilt er með aðilum að stefnandi eigi kröfu á hendur stefnda um ógreidd laun og orlof alls að fjárhæð 219.800 kr.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í málinu á því að hann eigi skaðabótakröfu á hendur stefnanda vegna brotthvarfs úr starfi og sú krafa sé hærrí en launakrafa stefnanda. Miðar stefnandi skaðabótakröfu sína við eins mánaðarlaun stefnanda hjá stefnda, sem hann telur vera 294.449 kr. miðað við brúttólaun stefnanda hjá stefnda tímabilið 1. janúar til og með 16. september 2005. Gerir stefndi kröfu til þess að launakröfu stefnanda verði skuldajafnað við gagnkröfu hans og kröfur aðila jafnist út með þeim hætti.

Í vinnurétti gildir sú meginregla varðandi slit á ráðningarsamningi að segja ber honum upp með þeim uppsagnarfresti sem um hann gildir og starfsmaður þarf að vera reiðubúinn að vinna út uppsagnarfrest sinn. Stefnandi var félagsmaður í Eflingu-stéttarfélagi er hann var í starfi hjá stefnda. Samkvæmt grein 12.3. í kjarasamningi milli samtaka atvinnulífsins og Eflingar – stéttarfélags, er lagður var fram í málinu, er uppsagnarfrestur gagnkvæmur og skulu allar uppsagnir vera skriflegar. Þá er uppsagnarfrestur, samkvæmt grein 12.2. í kjarasamningi, 1 mánuður miðað við mánaðamót eftir 3 mánuði samfellt í starfi hjá sama atvinnurekanda en fyrir liggur að stefnandi hafði unnið hjá stefnda hátt á annað ár.

Með hliðsjón af því sem hér að framan hefur verið rakið verður ekki talið gegn andmælum stefnda að stefnandi hafi tekist sönnun um það að honum hafi verið sagt upp störfum. Verður því að líta svo á að stefnandi hafi sjálfur rift ráðningarsamningi aðila með því að mæta ekki til vinnu eftir 16. september 2005 eins og honum bar. Ljóst er að stefnandi stóð ekki réttilega að uppsögn sinni. Bar honum að segja upp starfi sínu með löglegum uppsagnarfresti. Jafnframt verður að telja að fyrirvaralaust brotthvarf stefnanda úr vinnu hafi valdið stefnda umtalsverðum óþægindum og fjárhagstjóni. Verður því að fallast á það með stefnda að hann eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnanda.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á það fjárhagslega tjón sem leitt hefur af brotthvarfi stefnanda og engin heimild að lögum stendur til þess að það skuli samsvara mánaðarlaunum eins og stefndi gerir kröfu um. Verður því að hafna sýknukröfu stefnanda í málinu.

Til vara gerir stefndi kröfu um meðalhófsbætur á grundvelli 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928 sem komi til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda þannig að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda 3.981 kr.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu er fallist á það með stefnda að hann eigi rétt á meðalhófsbótum úr hendi stefnanda í samræmi við reglu 25. gr. hjúalaga. Er þá miðað við helming af kaupum fyrir þann tíma sem eftir var af uppsagnarfresti. Var stefnda því rétt að halda eftir launum stefnanda vegna bótakröfu sinnar. Við útreikning bóta samkvæmt reglu 25. gr. hjúalaga hefur stefndi miðað við mánaðarlaun stefnanda að fjárhæð 294.299 kr. sem leiðir til

bótakröfu að fjárhæð 215.820 kr. Hefur stefnandi mótmælt því að mánaðarlaun stefnanda séu réttilega tilgreind með þeim hætti sem stefndi gerir.

Bætur til stefnda samkvæmt 25. gr hjúalaga skal miða við laun stefnanda í 1 mánuð og 14 daga eins og stefndi byggir á. Við útreikning mánaðarlauna verður tekið mið af framlögum launaseðli, sem báðir aðilar byggja kröfur sínar á, og er eftir atvikum fallist á útreikning stefnda á mánaðarlaunum stefnanda. Verður því fallist á varakröfu stefnda í málinu, eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, Eykt ehf., greiði stefnanda, Emil Óskari Þorbjörnssyni, 3.981 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1.október 2005 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Eggert Óskarsson